



# VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Administration of occupational safety and health

Alþingis  
Erindi nr. þ 121/135  
komudagur 25/11 1996

Félagsmálanefnd Alþingis  
Kristín Ástgeirsdóttir  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Dags / Date  
22.11.1996

Tilvísun / Reference  
96-0574  
000.21

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 90.mál, EES-reglur, vinnuvernd barna og ungmenna.

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar dags.8.nóvember 1996 þar sem leitað er eftir umsögn Vinnueftirlitsins um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem lagt verður fyrir 121. löggjafarþing 1996.

Með samþykkt þessa frumvarps er verið að leiða í lög hér á landi ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33 um vinnu barna og unglinga. Markmið hennar er m.a. að fyrirbyggja vinnuslys og álagsþætti af völdum launavinnu meðal ungmenna undir 18 ára aldri og hindra að þeim sé ofgert með vinnu á þann hátt að trúfli eðlilegan þroska þeirra og menntun.

Vinnueftirlitið átti fulltrúa í nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði og falið var að vinna að undirbúningi þess að Ísland geti framfylgt tilskipun ESB 94/33 um vinnu barna og ungmenna, en jafnframt gefið íslenskum unglingum áfram möguleika til atvinnuþátttöku.

Nefndin benti á að gildistaka tilskipunar ESB á Íslandi kallaði fyrst og fremst á breytingar á X.kafla lag nr.46/1980, og setti nefndin fram tillögur um breytingar á kaflanum. Þær gera ráð fyrir að nýttar verði að mestu leyti þær undanþágur og þau frávik til að leyfa vinnu ungmenna sem tilskipunin gerir ráð fyrir, í ljósi þeirrar hefðar sem hér er fyrir atvinnuþátttöku ungmenna.

Í núverandi frumvarpi er í öllum megin atriðum tekið mið af tillögum nefndarinnar og mælir Vinnueftirlitið með því að það verði samþykkt.

Virðingarfyllt

  
Eyjólfur Sæmundsson